

um till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga sú, um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum, sem hér um ræðir, er borin fram af 9 alpm. Hafa tillögur um sama efni legið fyrir 3 síðustu þingum, en aldrei fengið fullnaðarafgreiðslu. Efnislega má þó segja, að mál þetta hafi eitt sinn verið afgreitt á Alþingi, er lík tillaga var á síðasta þingi borin fram í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, en þá felld. Tillagan hefur nú verið send til fjárveitinganefndar í annað sinn og fengið þar þinglega meðferð. Hefur nefndin m. a. leitað umsagnar forstjóra áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasöluunnar um till. Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggja átta nefndarmenn til, að þáltill. verði samþykkt óbreytt, og hafa þegar gefið út um það nál. Á þetta gat ég undirritaður, sem einn er í minni hl., ekki fallið.

Ég veit ekki, hvort flm. till. eða aðrir þeir aðilar, sem henni eru fylgjandi, hafa gert sér það fyllilega ljóst, hvaða vinningur það væri fyrir ríkissjóðinn, að mál þessi yrðu framkvæmd á þann hátt, sem fyrirskipað er í tillögunni, ef hún næði fram að ganga óbreytt, eða hversu miklum erfiðleikum það væri bundið að framkvæma hana.

Nefndarálit meiri hl. bendir a. m. k. ekki til þess. Þykir mér rétt að taka hér upp orðrétt tillögugreinina, en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema þau sérréttindi, sem nokkrir viðskiptamenn áfengisverzlunar ríkisins og tóbakseinkasölu ríkisins njóta nú og eru í því fólgin, að þeir fá þar keypt vínföng og tóbak fyrir lægra verð en aðrir kaupendur þurfa að borga fyrir þær vörur.“

Ber þá fyrst að athuga, hverjir þessir viðskiptamenn stofnananna eru, sem njóta nú þessara fríðinda.

Samkvæmt upplýsingum úr nál. meiri hl. og sumpart einnig eftir því, sem vitað er almennt um þessi mál, má flokka þessa viðskiptavini í eftirfarandi flokka:

1. Forseti Íslands.
2. Ríkisstjórn landsins.
3. Aðalforsetar Alþingis.
4. Erlend sendiráð og sendisveitir.
5. Farþegaskip og flugvélar í millilandaferðum.

Allir þessir aðilar greiða vöruna á kostnaðarverði, en án álagningar.

Aðrir eða fleiri aðilar munu ekki njóta þessara fríðinda, nema ef vera kynni forstjórar stofnananna.

Alþingi ákveður í fjárlögum ár hvert ákveðna upphæð í risnu til forseta Íslands og til ríkisstjórnarinnar. Eru upphæðir þessar beinlínis miðaðar við það, að þessar vörur séu afhentar þeim embættum álagningarlaust. Samþykkt þáltill. mundi því hafa það eitt í för með sér hvað snertir þessa aðila, að hækka yrði framlag til risnu um þá upphæð, sem mismunur á kostnaðarverði og útsöluverði nemur á því magni, sem embættin þyrftu á að halda á hverjum tíma innan hóflegar og eðlilegrar neyzlu á þessum vörum, svo lengi sem ekki er fyrir mælt í lögum að veita ekki slíkar munaðarvörur í boðsveizlum embættanna. Velta verzlunanna yrði hærri í tölum, ágóði þeirra meiri og útsvarshluti til bæjarsjóðs Reykjavíkur því hærri, en sparnaður fyrir ríkissjóðinn enginn. Hitt er svo annað mál, að það er möguleiki að spara ríkissjóði útgjöld með því að banna alla risnu af hendi þessara embætta. En vill nokkur þessara manna leggja til, að sá háttur verði upp tekinn? Og ólíkt væri það höfðingslund og gestrisni Íslendinga almennt frá alda öðli og það jafnvel hjá þeim, sem ekki hafa ávallt haft fullar hendur fjár, að taka upp slíkan sið. Að ætlast til þess, að embættismenn þessir greiði þetta af persónutekjum sínum, er mál, sem ekki þarf að ræða. Hið sama gildir raunverulega um Alþingi og forseta þess. Það getur

víst enginn með réttu ætlazt til þess, að þau hóf, sem forseti Sp. eða forsetar þingsins almennt halda, séu kostuð af þeim persónulega, hvorki matur né drykkur, og hóf þessi eru ýmist fyrir innlenda eða erlenda gesti, eftir því sem viðeigandi er talið á hverjum tíma. Og það ætlast víst heldur enginn til þess, að forseti Sp., sem á ýmsum tímum og m. a. nú fer með forsetavaldið í landinu ásamt forsætisráðherra og forseta hæstaréttar, beinlínis neiti að mæta í ýmsum hófum, svo sem í merkum afmælis- hófum stofnana, félaga, bæja eða við árshátíðarhöld sjómanna og annarra slíkra félagssamtaka, þar sem nærvera hans er talin virðingarvottur og beinlínis sjálfsgöð, ef eftir henni er óskað, en allt þetta leiðir til þess, að embættið haldi uppi nokkurri risnu á móti, enda má fullyrða, að langmestur hluti af þeim vörum, sem forsetar Sp. hafa fengið á innkaupsverði og um er rætt í þáttill., eru til þess að halda uppi risnu fyrir Alþingi, en ekki til persónulegrar eyðslu fyrir þá sjálfa. Um deildarforsetana má segja, að það sé minni ástæða til þess að ætla þeim nokkurt risnufé í einni eða annarri mynd en forseta Sp., en hitt verður þó ekki mælt með sanni, að minni ástæða sé til þess að veita þeim risnu en mörgum öðrum embættismönnum þjóðarinnar, sem nú hafa risnufé. Annars er þessi umrædda risna deildarforsetanna takmörkuð við eitt þúsund krónur fyrir hvert þing, sem þeir gegna þessum embættum.

Af þessu, sem hér hefur verið skýrt, má marka, hversu frámunaleg fjarstæða það er að halda því fram, að ríkissjóður hafi tapað um 1.5 millj. króna á s. l. 3 árum á því vini, sem þannig hafi verið selt forsetum Alþingis og öðrum sérréttindamönnum, eins og meiri hl. nefndarinnar gerir í álitinu. Verður ekki komið hjá því að mótmæla slíkum ásökunum á þá menn, sem þing og þjóð hefur kjórið til að fara með virðingarmestu embætti landsins og ekkert hafa gert hér annað en það, sem meðal allra siðaðra þjóða er talin sjálfsgöð skylda og nauðsyn í vinsamlegum viðskiptum milli aðila, erlendra og innlendra, sem óhjákvæmilegt er að umgangast. Er þess vænt, að meiri hl. nefndarinnar sjái sóma sinn í því að leiðrétta þau leiðu mistök, sem hér hafa átt sér stað í málflutningi á Alþingi.

Aðalmisskilningur meiri hl. n. í þessu máli liggur í því, að hann gerir engan greinarmun á því magni, sem notað er beinlínis vegna embættanna og ríkissjóður verður sjálfur að greiða, og hins, sem aðilar nota persónulega. En það er öllum fullkunnugt og meiri hl. n. langbezt, að magn það, sem þessir menn nota persónulega, er sáralítið brot af því magni, sem afhent er til þeirra með innkaupsverði, á meðan þeir eru í embættunum, þótt reynt sé að snúa þessu alveg við í nál.

Um magn það, sem afhent er á innkaupsverði til sendiráða og sendisveita, er það að segja, að um það eru samningar milli allra ríkja, að sendisveitir skuli njóta beztu kjara um kaup á slíkum vörum. Það væri ekki einasta hjákátlegt að fyrirskipa ríkisstjórninni að rifta slíkum venjum, heldur mundi þetta beinlínis kosta ríkissjóðinn stórar fjárfúlgur í erlendum gjaldeyri, þar sem sendisveitir Íslands erlendis gætu þá á engan hátt notið þar beztu kjara á móti. Svona barnaleg er till. hvað þetta atriði snertir.

Það má segja, að það sé frambærilegt að fyrirskipa að selja ekki þessar vörur á lágverði til farþegaskipa og flugvéla í millilandaferðum. Að vísu er það svo, að í flestum löndum, sem ég þekki til, er hægt fyrir slíka aðila að kaupa þessar vörur tollfrjálsar, en þeirri reglu er ekki nauðsynlegt að fylgja hér, enda má segja, að hér sé um beinan viðskiptahagnað að ræða fyrir þá aðila, sem verzla með vöruna til farþega, og alveg óskyld því, sem afhent er til embættismanna ríkisins. Hitt er svo jafnljóst, að skip og flugvélar mundu tæplega kaupa mikið magn á útsöluverði, þegar vitað er, að auðvelt er að fá vöruna á allt öðru og lægra verði í hvaða erlendri höfn sem þau hafa viðkomu í. Verður það að vera mat ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma, hvort hún telur það hagkvæmt eður eigi að hafa þessi viðskipti við þessa aðila.

Af því, sem að framan er greint, er það bert, að þótt þáttill. verði samþykkt, er það á engan hátt sparnaður fyrir ríkissjóð eða raunverulegur tekjuauki, auk þess sem framkvæmd hennar er svo að segja ógerleg. Allverulegum sparnaði mætti hins vegar ná með því að banna alla risnu og öll hóf, en slíkt get ég heldur ekki lagt til,

- -

eins og fram er tekið hér að framan. Það er heldur ekki vilji þeirra fjögurra þing-
manna (HelgJ, IngJ, JR og KK) sem mynda með mér meiri hl. í fjvn. við afgreiðslu
till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins og leggja til ásamt mér, að sú
till. verði felld. Það er því eitthvað allt annað en sparnaðarviðleitni á fé ríkissjóðs,
sem ráðið hefur afstöðu þessara þingmanna til þessa máls.

Með tilvísun til þess, sem ég hef hér fært fram um málið í heild, legg ég til, að
þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. maí 1950.

Gísli Jónsson,
form.